



Borgarstjórinn í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 128/84,
komudagur 22.1.2003

Reykjavík, 14. janúar 2003

R02050009

175

GE/is


Alþingi - Umhverfisnefnd

Alþingi
101 REYKJAVÍK

Meðhöndlun úrgangs - umsögn um frumvarp

Á fundi borgarráðs í dag var lögð fram umsögn forstöðumanns Umhverfis- og heilbrigðisstofu frá 12. þ.m. um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Borgarráð samþykkt að senda Alþingi umsögnina.


Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Samrit:
Umhverfis- og heilbrigðisstofa



Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Reykjavík, 12. janúar 2003

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Vísað er til fyrri umsagna Umhverfis- og heilbrigðisstofu (UHR), dags. 24. maí og 20. september 2002, um drög að ofangreindu frumvarpi.

Almennar athugasemdir:

Frumvarpið hefur breyst nokkuð í meðförum þingsins frá síðustu yfirferð og tekið hefur verið tillit til margra athugasemda sem komu fram í fyrri umsögnum UHR. Þetta á við athugasemdir við 2. mgr. 4. gr. þar sem nú hefur verið skilgreint með skýrari hætti hvaða þætti eftirlits heilbrigðisnefndir sveitarfélaga fara með, 1. mgr. 5. gr. þar sem nú er skilgreint nánar í greinargerð undir hvaða kringumstæðum ráðherra sé heimilt að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, 2. mgr. 5. gr. þar sem nú kemur skýrt fram hvenær Umhverfisstofnun skuli gefa út starfsleyfi, 10. gr. þar sem nú koma fram skýrari leiðbeiningar um meðhöndlun úrgangs fyrir förgun, og 21. gr. þar sem nú er kveðið á um að Umhverfisstofnun sé heimilt að fela heilbrigðisnefndum framkvæmd þvingunarráðgjafar á samt eftirliti.

Fyrir utan breytt ákvæði 2. mgr. 11. gr. frv., sem nú veitir sveitarfélögum rýmri heimild til gjaldtöku (sbr. frekari aths. hér fyrir neðan), er ekki að finna breytingar í nýjum drögum er hafa áhrif á fjárhagslegar skuldbingar sveitarfélaga.

Athugasemdir við einstakar greinar:

2. mgr. 3. gr.

Til bóta væri að skilgreina hugtakið “söfnunarstöð (gámastöð)” með nákvæmari hætti og þá sérstaklega hvort ekki sé ætlunin að grenndarstöðvar falli undir þetta hugtak sem og aðrir óhefðbundnir söfnunarstaðir, s.s. bensínstöðvar o.fl. sem taka á móti rafhlöðum í dag.

3. mgr. 4. gr.

Til bóta væri að skilgreina hvenær fyrsta landsáætlunin skuli vera tilbúin. Í reglugerð nr. 85 frá 1999 um úrgang hafa verið ótímasett ákvæði um gerð landsáætlunar en hún hefur enn ekki litið dagsins ljós.

2. mgr. 6. gr.

Þess er ekki lengur krafist að afrit af samþykktu deiliskipulagi, á því svæði sem móttökustöð er fyrirhuguð, fylgi umsókn um starfsleyfi heldur einungis upplýsingar



um “stöðu skipulags”. Nauðsynlegt er að fyrir liggi samþykkt deiliskipulag áður en starfsleyfi er afgreitt.

11. gr.

Ákvæði 2. mgr. hefur nú verið breytt á þann veg að sveitarfélögum er heimilt að innheimta gjald ekki einungis fyrir “alla meðhöndlun úrgangs” heldur einnig “tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga þessara, svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál”. Ákvæði 3. mgr. stendur hins vegar óbreytt sem: “Gjald sem sveitarfélag eða byggðasamlag innheimtir skal þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem almennt fellur til við meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu.” Sveitarfélög hljóta að fagna þeirri breytingu sem nú hefur verið gerð á ákvæði 2. mgr. en enduskoða þarf ákvæði 3. mgr. m.t.t. þessarar breytingar þar sem það samræmist ekki breyttu ákvæði 2. mgr.

17. gr.

Í 5. mgr. 17. gr. þarf að bæta inn “...eða viðkomandi eftirlitsaðila” eftir orðið Umhverfisstofnun líkt og í 16. gr. (í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins hefur 5. mgr. verið sett sem 4. mgr.)

Virðingarfyllt,

Elly K. J. Guðmundsdóttir
forstöðumaður